**Ed.** **407. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895.

Með því ákveðið er, að gerð íslenska fánans skuli ákveðin með konungsúrskurði, þegar konungur hefir fengið tillögur þingsins um gerðina, leggur nefndin til, að háttv. deild samþykki frv. þetta óbreytt, þar sem slík lagarjetting verður sjálfsögð afleiðing af konungsúrskurði 22. nóv. 1913.

Alþingi 6. ágúst 1914.

G. Björnsson, formaður. Karl Finnbogason, skrifari og framsögumaður.

Jósef J. Björnsson. Sigurður Stefánsson. Magnús Pjetursson.